

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 24. tbl. Lögbirtingablaðsins 1945, um afnám bannsvæðis í Faxaflóa.**

93  
7. maí

Fyrirmæli um bann við fiskveiðum og siglingum í og utan við Faxaflóa frá 23. nóvember 1944, sem birt eru í 66. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1944, eru úr gildi felld.

**REGLUGERÐ**

94  
9. maí

**fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Léttis“, Akureyri.**

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í: 2 kr., 5 kr., 10 kr. og 25 kr., sem greiðast veðmálstofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, er vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Akureyrarbúa. Tillagið til reiðvegarins má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé, lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða kemur af öðrum ástæðum ekki til greina samkv. kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt, að innskot fáiast að fullu aftur.